



Starfsmaður í skóla/skólaliði við Þelamerkurskóla

Þelamerkurskóli óskar eftir barngóðri og metnaðarfullri manneskju í 100% starf. Starfið felur í sér að hafa umsjón með og styðja við nemendur í matsal, frímínútum, á göngum, skólalóð og frítímum auk þess að halda skólahúsnæðinu hreinu. Jafnframt getur til fallið önnur gæsla og tilfallandi stuðningur eftir þörfum

Í Þelamerkurskóla eru tæplega 100 nemendur. Skólinn er heilsueflandi skóli og Grænfána skóli. Jafnframt leggur skólinn áherslu á útinám og fjölbreytileika í skólastarfi, nokkuð sem krefst sveigjanleika og þátttöku alls starfsfólks.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Aðstoða nemendur í leik og starfi og leiðbeina þeim í umgengni og samskiptum.
- Stuðla að velferð nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk skólans.
- Sinna gæslu hvar og hvenær sem þörf er á.
- Sjá um dagleg þrif og innkaup á ræstivörum.
- Aðstoða í eldhúsi ef þörf er á.
- Taka þátt í því uppeldisstarfi sem fram fer innan skólans í anda stefnunnar um jákvæðan aga.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Áhugi á að starfa með börnum og ungmennum.
- Mikil áhersla er á lipurð og færni í samskiptum við börn og fullorðna.
- Stundvísi, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Sveigjanleiki og jákvæðni.
- Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Við hvetjum öll kyn til að sækja um störf við skólann. **Umsóknarfrestur er t.o.m. 31. maí 2024.** Ferilskrá og umsókn skal senda á netfang skólastjóra ragnheimurlilja@thelamork.is Laun eru greidd skv. kjarasamningum Einingar/löju og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Upplýsingar um Þelamerkurskóla er að finna á heimasíðu skólans, <https://www.thelamork.is/> Frekari upplýsingar veitir Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, skólastjóri, ragnheimurlilja@thelamork.is og í síma 460-1770/866-4085.